



AUGLITI TIL AUGLITIS



Ingiberg Magnússon skrifar um myndlist

Undanfarnar 2 vikur hefur staðið yfir á Kjarvalsstöðum norræn myndlistasýning sem nefnd er Augliti til auglitis. Þetta er farandsýning og mun Reykjavík vera síðasti viðkomustaðurinn á ferð hennar um Norðurlönd. Það er Norræna myndlistabandalagið sem að sýningunni stendur og fékk það Svíann Staffan Cullberg til að velja verk á sýninguna.

Ef ég man rétt var það árið 1972 sem Norræna myndlistarbandalagið lagði niður það samsýningaform sem þá hafði verið notað um árabil, mörgum til leiðinda. Síðasta sýningin af því tagi var einmitt liður í Listahátíð hér í Reykjavík.

Nú eru þessar sýningar sem sagt hafnar á ný með því fyrirkomulagi að einn maður velur verk og þátttakendur. Margir hafa sjálfsagt vonast til að slíkt kæmi í veg fyrir þann glundroða sem einkenndi fyrri sýningar. Því miður get ég ekki séð að svo vel hafi til tekist að þessu sinni.

Þeim manni sem tekur að sér að koma saman sýningu á borð við þessa, er vissulega vandi á höndum og vafalítið er ógerlegt að velja svo að ekki megi gagnrýna. Mér finnst þrátt fyrir hástemmdar yfirlýsingar í sýningarskrá um að ákveðið þema gangi eins og rauður þráður í gegnum sýninguna, að hana vanti ákveðnara markmið. Reyndar er það markmið sem Cullberg gefur upp svo almenns eðlis að það gæti átt við hvaða sýningu sem er og sennilega klambrað saman eftir á, en ekki lagt valinu til grundvallar. Eða hvaða myndverkum er ekki ætlað að stilla upp augliti til auglitis við þá sem á vilja líta og hvaða myndverk eru ekki rannsókn á raunveruleikanum í einhverri mynd? Slíkt meiningarlaust og ómarktækt blaður hlýtur óhjákvæmilega að kalla á gagnrýni.


Þegar efnt er til jafn viðamikillar sýningar sem þessarar hlýtur einhver tilgangur að liggja að baki, annar en sá að hengja myndir upp á vegg og sá sem tekur að sér að skipuleggja hana verður að gefa sér einhverja veigamikla forsendu til að ganga út frá. Um slíkar forsendur má auðvitað alltaf deila þ.e.a.s. því þessi hafi verið valin en ekki hin, en sé valið rökrétt út frá þeirri forsendu sem viðkomandi hefur gefið sér, er raunverulega öllum kröfum fullnægt. Handahóf er hinsvegar óafsakanlegt. Þegar öllu er á botninn hvolft má segja að lítil breyting hafi á orðið frá fyrri sýningum, sem sagt svipaður grautur í sömu skál.

Of langt mál yrði að ræða um frammistöðu einstakra listamanna, enda naumast sanngjarnt þar sem ég dreg í efa, og hef til þess rökstuddan grun, að sýningin gefi rétta mynd af listsköpun þeirra. T.d. finnst mér að samtíningur á pastelmyndum frá 9 ára tímabili gefi afar ónákvæma mynd af list Hrings Jóhannessonar svo hóflega sé til orða tekið. Annað dæmi get ég nefnt. Sviinn K-G Nilson á þarna eina mynd, vonandi lélegasta mynd sem hann hefur gert um dagana. Með svona vali er engum greiði gerður og tilgangurinn er mér gjörsamlega hulin ráðgáta.

Því er ekki að neita að ýmislegt jákvætt og skemmtilegt ber fyrir augu á sýningunni. Nefni ég þar fyrst sem dæmi Lapplandsmyndir Andreasar Alariesto einlægar og tjáningarríkar myndir um líf og lífsbaráttu Sama. Ekki má heldur gleyma framlagi Íslendinganna Óskars Magnússonar og Blómeyjar Stefánsdóttur, sem sýna myndvefi sem þau vinna í sameiningu. Að vísu meingallaðar myndir frá formrænu sjónarmiði, en búa þó yfir frumstæðum sannfæringarkrafti sem því miður er of sjaldgæfur. Af verkum annarra listamanna sem sérlega glöddu augu mín get ég nefnt teikningar Palle Nielsen og Björns Ransve, tréristur Patters Zennström og málverk Eriks Hagens. Myndir Norðmannsins Bard Breivik Árásarhneigð I-VI eru afar áleitnar og ekki laust við að þær vekji ugg, þar sem þær minna á heldur óhugnanlegar staðreyndir í raunveruleikanum, nánar tiltekið þær sömu staðreyndir og tréristur Zennströms fjalla um.

Vonandi verða þeir agnúar sem auðkenna þessa sýningu svo mjög, sniðnir af áður en næsta samsýning Norræna myndlistarbandalagsins verður á ferðinni.

Ingiberg



Andreas Alariesto — Úr Lapplandsmyndum

Til sölu á Siglufirði

Húseignirnar Suðurgata 76 og 78 á Siglufirði eru til sölu í því ástandi, sem þær nú eru í. Á eignunum hvílir sú kvöð að bönnuð er búseta á þeim á tímabilinu 1. nóvember til 1. maí ár hvert vegna snjóflóðahættu.

Eignirnar verða sýndar sunnudaginn 2. október nk. kl. 14-17.

Tilboðum óskast skilað til skrifstofu Viðlagasjóðs, Tryggvagötu 19, Reykjavík, fyrir 10. október nk.

Viðlagasjóður.

Félag járniðnaðarmanna

Félagsfundur

verður haldinn fimmtudaginn 29. september 1977 klukkan 8:30 e.h.í Félagsheimili Kópavogs, uppi.

Dagskrá: 1) Félagsmál
2) Lagabreytingar
3) Önnur mál

Mætið vel og stundvislega.
Stjórn Félags járniðnaðarmanna.